

Samstarf og stuðningur íslenskra fyrirtækja, stofnana og samtaka við alþjóðlegu ráðstefnuna „Restoration in the Era of Climate Change“ sem haldin verður í Reykjavík 9.-13. september 2018

Viltu GULL, SILFUR eða BRONS?



Það er mjög ánægjulegt að sjá hve mörg íslensk fyrirtæki, stofnanir og samtök hafa sett sér skýr loftslagsmarkmið og eru meðvituð um mikilvægi virkrar þátttöku íslensks atvinnulífs í loftslagsaðgerðum til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar innan Parísarsamningsins til 2030 og náð markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Á komandi hausti munu Landgræðslan, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsluskóli háskóla SP og Landvernd, í samstarfi við evrópsk vistheimtarsamtök, halda alþjóðlega ráðstefnu í Reykjavík undir heitinu: *Endurheimt vistkerfa á tímum loftslagsbreytinga*.

Við búumst við >400 gestum og nú þegar hafa aðilar frá ríflega 50 löndum boðað komu sína.

Á ráðstefnunni verður meðal annars tveggja tíma opið „Climate forum“ þar sem við stefnum á að íslensk stjórnvöld og fulltrúar frá atvinnulífinu muni ræða loftslagsbreytingar og leiðir til að bregðast við þeim, með sérstaka áherslu á þátt raskaðra vistkerfa í auknum styrk koltvísýrings í andrúmslofti. Samhliða verður boðið upp á aðstöðu þar sem fyrirtækjum, samtökum og stofnunum sem ákveða að ganga til samstarfs við ráðstefnuna gefst kostur á að segja frá loftslagsmarkmiðum sínum og hvernig þeim hefur gengið að fylgja þeim eftir.

**Þitt fyrirtæki hefur sýnt í verki að það vill leggja sitt af mörkunum til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga af mannavöldum. Því bjóðum við ykkur til samstarfs og þátttöku í ráðstefnunni um leið og við óskum eftir fjárstuðningi fyrirtækisins við hana.**

Við bjóðum upp á þrjár leiðir til samstarfs og stuðnings; GULL, SILFUR og BRONS (sjá á næstu síðu). Við vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum og hlökkum til frekara samstarfs á vettvangi loftslagsmála. Besta leiðin til að ná varanlegum árangri er að vinna saman að lausnunum.

Fyrir hönd ráðstefnuhaldara SERE 2018,  
Gunnarsholti, 3. maí 2018

Árni Bragason

Forstjóri Landgræðslunnar

Þórunn Pétursdóttir

Formaður undirbúningshóps

## SAMSTARF OG STUÐNINGUR

Þrjár eftirfarandi samstarfs- og stuðningsleiðir við ráðstefnuna eru í boði:

- a) Styrkur upp á 800 þúsund: **GULL** stuðningsaðili. Innifalið er:
- Ráðgjöf um vægi kolefnisbindingar fyrir grænt bókhald fyrirtækisins
  - Boðsmiði fyrir 2 einstaklinga á ráðstefnuna (andvirði 120.000 kr)
  - 2 fræðsluerindi fyrir starfsfólk fyrirtækisins um loftslagsmál og/eða vistheimt
  - Lógó fyrirtækisins á allt efni sem birtist opinberlega á vegum ráðstefnunnar
  - Kynningarbás til að kynna loftslagsmarkmið fyrirtækisins
- b) Styrkur upp á 400 þúsund: **SILFUR** stuðningsaðili. Innifalið er:
- Boðsmiði fyrir 1 einstakling á ráðstefnuna (andvirði 60.000 kr)
  - 1 fræðsluerindi fyrir starfsfólk fyrirtækisins um loftslagsmál og/eða vistheimt
  - Lógó fyrirtækisins á allt efni sem birtist opinberlega á vegum ráðstefnunnar
  - Pláss fyrir veggspjald til að kynna loftslagsmarkmið fyrirtækisins
- c) Styrkur upp á 200 þúsund: **BRONS** stuðningsaðili. Innifalið er:
- Lógó fyrirtækisins á allt efni sem birtist opinberlega á vegum ráðstefnunnar
  - Pláss fyrir veggspjald til að kynna loftslagsmarkmið fyrirtækisins

Það er gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld, fyrirtæki og almenningur dragi hratt úr notkun jarðefnaeldsneytis til að mæta loftslagsmarkmiðum okkar. Losun frá landi (þ.e. frá röskuðum þurrlandis- og votlendisvistkerfum) er engu að síður stærsti einstaki losunarpáttur Íslands og brýnt að við drögum einnig hratt úr henni með öllum tiltækum ráðum.

***Við getum dregið verulega úr losun frá landi með breyttri landnýtingu og bundið kolefni á ný í jarðvegi og gróðri í gegnum endurheimt raskaðra vistkerfa. Það yrði stærsta einstaka loftslagsframlag okkar á alþjóðavísu til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.***

## LOFTSLAGSBREYTINGAR OG VISTKERFI JARÐAR

**Loftslagsbreytingar af mannavöldum** eiga sér stað vegna þess að við mennirnir höfum raskað jafnvægi jarðarinnar. Allir ferlar náttúrunnar byggja á að viðhalda jafnvægi, þar sem mikilvæg efni eins og kolefni, nitur og vatn eru í stöðugri hringrás. Nýting auðlinda jarðar má aldrei verða svo mikil að þetta jafnvægi raskist.

Kolefni er okkur lífsnauðsynlegt, það er grunneining orkuhringrásar lífsins og temprar hita á yfirborði jarðar. **Í heilbrigðu vistkerfi er kolefnishringrásin í jafnvægi**; ákveðið magn er í andrúmsloftinu, uppsöfnun á sér stað í jarðvegi og setlögum (jarðefnaeldsneyti) og koltvísýringur sem losnar við öndun og rotnun er tekinn upp á ný í gegnum ljóstillífun. **Þessu jafnvægi hefur maðurinn raskað verulega** frá upphafi iðnbyltingarinnar með því að auka styrk koltvísýrings í andrúmslofti langt umfram það sem vistkerfi jarðar gátu tekið upp á móti. Afleiðingin er hnattræn hlýnun.

Þessi þróun hefur ekki aðeins átt sér stað vegna bruna á jarðefnaeldsneyti. **Eyðing vistkerfa er líka stór áhrifavaldur**. Allt að 50% af landvistkerfum jarðarinnar hefur verið raskað; skógum eytt, votlendi ræst fram og frjósamt land breyst í eyðimerkur af völdum ósjálfbærrar landnýtingar.

Gróður- og jarðvegseyðing hefur þannig losað og losar enn gríðarlegt magn af koltvísýringi út í andrúmsloftið. **Raskað land hefur ekki bara tapað kolefnisforða sínum** heldur einnig stórum hluta getu sinnar til að **binda og geyma kolefni í jarðvegi og gróðri** - og getu sinni til að **miðla og geyma vatn**, framleiða lífmassa og vernda lífbreytileika gróðurs og jarðvegslífs.

Æ fleiri Íslendingar hafa verulegar **áhyggjur af vaxandi súrnun sjávar** - með réttu. En - erum við að horfa á stóru myndina um hvernig við getum brugðist við og dregið úr losun sem víðast?

Aukinn styrkur koltvísýrings í andrúmslofti veldur því að hafið tekur upp meiri koltvísýring sem veldur síðan súrnun sjávar. **Aukin hlýnun og súrnun sjávar** af völdum loftslagsbreytinga er **beintengd ástandi vistkerfa á landi** enda kerfi jarðar öll tengd innbyrðis. **Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi** er þannig ein af **meginorsökum** loftslagsbreytinga af mannavöldun – hlýnun og súrnun sjávar er afleiðing.

Um **50% af vistkerfum Íslands** eru **ýmist uppblásin/eydd eða í verulega röskuðu ástandi** og eru sum hver **enn að tapa kolefnisforða sínum** (hægt eða hratt). Þessari þróun má **snúa við** að miklu leyti með **breyttri landnýtingu** og **endurheimt** raskaðra vistkerfa. Það er gríðarlega mikilvægur þáttur til að ná markmiði núverandi stjórnvalda um **kolefnishlutlaust Ísland árið 2040** og yrði **stærsta einstaka loftslagsframlag** okkar á alþjóðavísu til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og hægja á hlýnun og súrnun sjávar.